

Theódóra Matthíasdóttir er með B.S. gráðu í ferðamálafræði og B.S. gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Síðastliðin ár hefur hún unnið sem sérfræðingur á Náttúrustofu Vesturlands; sinnti í upphafi umhverfismálum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi en hefur síðastliðin misseri starfað að ýmsum verkefnum fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Titill: Áhrif verndar Breiðafjarðar á byggðaþróun

Útdráttur: Náttúra Breiðafjarðar er einstök á mjög margan hátt og hefur fjörðurinn verið verndaður með lögum um vernd Breiðafjarðar síðan 1995. Þar er að finna mesta grunnsævi Íslands, víðáttumiklar og lífríkar fjörur, mikilvægasta fuglasvæði landsins, tilkomumiklar straumrastir, stórkostlega landslagsheild og merkilegar minjar um hlunnindanyttjar. Lög um vernd fjarðarins hafa ekki haft mótandi áhrif á byggðaþróun svæðisins fram til þessa, og hafa í raun litlu breytt fyrir samfélögin sem búa við fjörðinn, þegar á heildina er litið. Fjölmörg dæmi má þó finna um að verndarsvæði, hvort sem um sé að ræða þjóðgarða eða aðrar gerðir verndunar, hafi haft talsverð áhrif á nærumhverfi og byggðaþróun.

Í erindinu verður sagt frá slíkum dæmum og rætt um þá möguleika sem felast í verndun svæða fyrir byggðaþróun almennt. Færð verða rök fyrir því að markvissari verndun Breiðafjarðar geti skapað mýmörg tækifæri fyrir byggðir við fjörðinn. Farið verður yfir mismunandi leiðir til aukinnar verndunar fjarðarins, s.s. að hann verði gerður að þjóðgarði, færi á Ramsarskrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði eða á heimsminjaskrá UNESCO, og hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir búsetu, nýtingu náttúruauðlinda, almenna atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir fæst við það sem kallast „þátttaka almennings“ og hefur stýrt samráðsverkefnum, íbúafundum og íbúáþingum víða um land, síðustu 18 árin. Einnig heldur hún námskeið og vinnusmiðjur um markvisst samráð og árangursríkar fundaaðferðir. Þetta gerir hún í nafni eigin ráðgjafarfyrtækis, ILDIs, þar sem hún er eini starfsmaðurinn og þarf því ekki að ástunda mikið lýðræði í vinnunni! Sigurborg hefur BA próf í félagsfræði og félagsráðgjöf og meistaraþráðu í þróun og skipulagningu ferðamála. Hún er líka jógakennari og fæst við ýmislegt fleira sem tengist því að rækta líkamlegt og andlegt jafnvægi. Meðal verkefna sem hún hefur fengist við á undanförunum árum, er umsjón með íbúáþingum í verkefni Byggðastofnunar í hinum svokölluðu brothættu byggðum. Sigurborg er Snæfellingur, býr í Grundarfirði en er fædd og uppalin í Stykkishólmi.

Titill: „Alls staðar er fallett umhverfi og bærinn iðandi af brosandí mannlífi“. Af framtíðardraumum í fámennum byggðum

Guðmundur Ögmundsson er þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum og er búsettur í Kelduhverfi í Norðurþingi. Hann hefur starfað hjá Vatnajökulspjóðgarði í tæp 10 ár, fyrstu sjö árin sem aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli. Þar á undan var hann landvörður Umhverfisstofnunar á miðhálandinu og í tvö sumur skálavörður á Hveravöllum á Kili.

Guðmundur er með BA-gráðu í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum, þar sem lögð er sérstök áhersla á ferðaþjónustu í dreifbýli. Samhliða vinnu hefur hann jafnframt stundað nám í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands og sett þar í brennidepil gildi víðerna og stjórnun friðlýstra svæða.